

Jacob Sysser, FM (Helsingfors)

Radiogatan 11A23, FI-00240

13.03.2018

## **Almenn hegningalög (bann við umskurði drengja), frumvarp 183**

### **Frjálsslyndir gyðingar hafna umskurði**

Svo virðist sem rödd frjálsslyndra gyðinga heyrast ekki jafn hátt og rödd rétttrúnaðar gyðinga í umræðunni um umskurð á drengjum. Það er ekki sanngjarnt þar sem frjálsslyndir gyðingar eru í meirihluta í gyðingasamfélögum samtímans. Í Norður Evrópu eru frjálsslyndir gyðingar í miklum meirihluta. Þessi staðreynd kemur glögglega í ljós þegar bænahús gyðinga í einhverri borg í Norður Evrópu eru heimsótt, og fjöldi gyðinga sem stundar tilbeiðslur í bænahúsum borinn saman við fjölda gyðinga í þeirri borg.

### **Íhaldsamir gyðingar tala ekki fyrir munn allra**

Frjálsslynd gyðingasamfélög skortir innra skipulag og þar með koma þau ekki sínum sjónarmiðum kerfisbundið á framfæri við fjölmiðla. Innan samfélaga íhaldsamra gyðinga eru frjálsslynd viðhorf til gyðingdómsins almennt ekki viðurkennd. Því geta frjálsslyndir gyðingar ekki nýtt sér sömu rásir og hin trúarlegu hefðbundnu gyðingasamfélög, til að hafa áhrif á stjórnsýslu og fjölmiðla. Þar af leiðir að þeir sem hafa áhuga á að kanna viðhorf frjálsslyndra gyðinga, til dæmis um umskurð drengja, verða að leita sérstaklega eftir þeim á meðan rétttrúnaðar gyðingar koma sínum skoðunum á framfæri um heim allan og birtast eins og talsmenn allra gyðinga, sem þeir eru ekki.

## **Breytt viðhorf gagnvart umskurði**

Í Ísrael hefur viðhorf gagnvart umskurði umturnast á síðustu árum. Þar sem stærstu fjölmiðlar í Ísrael eru ekki í eigu eða undir stjórn rétttrúnaðar gyðinga þá ná þessi sjónarmið til almennings. Flestir fjölmiðlar fjalla um frjálsslyndar gyðingafjölskyldur sem hafa kosið að umskera ekki syni sína, þrátt fyrir hefðina innan gyðingdómsins. Margir fjölmiðlar vitna til skoðana frjálsslyndra gyðinga sem eru áberandi í umræðunni og eru á móti umskurði á drengjum, svo sem Theodor Herzl stofnanda Zionista hreyfingarinnar, eða Sigmund Freud, sálkönnuðar Sumir hafa vitnað í einn virtasta leiðtoga gyðingdómsins, Moses Maimonides, sem mótmælti umskurði en sjónarmið hans voru þögguguð niður, þar til nú.

## **Aðrar viðurkenndar athafnir hjá gyðingum án inngrips**

Mörg samtök, bæði formleg og óformleg, hafa verið stofnuð í Ísrael í þeim tilgangi að koma á framfæri nútímalegri viðhorfum gagnvart umskurði. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á að kynna athafnir sem fela ekki í sér inngrip í líkama barns (Brit Shalom), eins og umskurður (Brit Milah) gerir. Árið 1998 lögðu Samtök í Ísrael um bann við umskurði barna (The Israeli Association against Genital Mutilation of Babies), fram mál í hæstarétti í Ísrael um að banna umskurð. Það mál fékk ekki stuðning þar sem ekki lágu fyrir nægilega margar lækisfræðilegar rannsóknir og upplýsingar um áhrif umskurðar. Á þeim forsendum var málinu hafnað.

## **Umskurðum hefur fækkað**

Síðan þá hefur vaxandi fjöldi gyðingafjölskyldna kosið að láta ekki umskera börnin sín. Talið er að á svæðum þar sem frjálsslyndir gyðingar eru í meirihluta, er umskurður ekki stundaður en fólk velur að nota aðrar athafnir sem viðurkenndar eru í gyðingdómi eins og Brit Shalom en þá eru fætur barnsins þvegnað með vatni. Í Bandaríkjunum hefur umskurður fækkað gríðarlega hin síðari ár. Frjálsslynd gyðingasamtök eins og Gyðingar gegn umskurði (Jews against Circumcision) hafa öðlast töluverðan sýnileika og hljómgrunn á samfélagsmiðlum.

Nú horfa frjálslýndir gyðingar til Íslands og vona að samstaða um málstaðinn aukist. Við viljum sýna meirihluta gyðinga vináttu í verki, og síðat en ekki síst verja gyðinga, múslima og öll börn frá því sem nú er álitid vera mannleg fórn.